

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Kópavogi, 29. nóvember 2010

**Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki, þskj. 213 – 196. mál.**

## Almennt

Deloitte hf. hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar.

Mikil umræða hefur átt sér stað meðal ríkja Evrópska efnahagsvæðisins um nauðsyn þess að leggja sérstakan skatt eða gjald á fjármálafyrirtæki. Leiðtogaráð Evrópusambandsins hefur að auki komist að því samkomulagi að aðildarríkin skuli innleiða skatta og gjöld á fjármálafyrirtæki til að tryggja jafna dreifingu á ábyrgð og koma í veg fyrir áhættu. Í þessu sambandi má nefna að í Svíþjóð hefur verið tekið upp sérstakt stöðugleikagjald (s. stabilitetsavgjalt) sem lagt er á heildarskuldir fjármálafyrirtækja. Gjaldið er lagt í sérstakan stöðugleikasjóð sem gegnir því hlutverki að stuðla að stöðugleika í efnahagslífi Svíþjóðar og verja það gegn skakkaföllum sem kunna að verða í framtíðinni.

Deloitte hf. gerir eftirtaldar athugasemdir við ákvæði frumvarpsins:

### 1. Ákvæði 1. gr.

Í ákvæðinu kemur fram að markmið laganna sé tvíþætt, annars vegar að afla ríkinu tekna til að mæta þeim mikla kostnaði sem fallið hefur á ríkissjóð vegna hruns íslenska fjármálakerfisins og hins vegar að draga úr áhættusækni fjármálafyrirtækja með því að leggja sérstakan skatt á skuldir þeirra, vegna þeirrar kerfisáhættu með tilheyrandi kostnaði sem áhættusöm starfsemi þeirra getur haft í för með sér fyrir þjóðarbúið.


Að mati Deloitte hf. er eðlilegt að tekjur vegna sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki renni í ríkissjóð eins og sakir standa í dag. Hins vegar teljum við mikilvægt að slík ráðstöfun teknanna sé einungis tímabundin á meðan rétt er úr stöðu ríkissjóðs vegna hruns íslenska fjármálakerfisins. Leggjum við því áherslu á nauðsyn þess að festa í lög ákvæði um endurskoðun á ráðstöfun teknanna.

Við þá endurskoðun mælir Deloitte hf. með því að farin verði sú leið að stofna sérstakan sjóð, t.d. að fyrirmynd Svía, sem hafi það hlutverk að stuðla að stöðugleika í efnahagslífinu til framtíðar og verja það gegn mögulegum skakkaföllum. Verður það frekar til þess að markmiði laganna verði náð.


# Deloitte.

Að öðru leyti gerir Deloitte hf. ekki athugasemd við lagafrumvarp þetta.

Virðingarfyllst, f.h. Skatta- og lögfræðisviðs Deloitte hf.



Vala Valtýsdóttir  
Forstöðumaður  
Skatta- og lögfræðisviðs



Erna Sif Jónsdóttir  
Lögfræðingur  
Skatta- og lögfræðisviði